

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 8. og 21. gr. laga nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 16. desember 1998.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglna nr. 189 frá 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, sbr. 3.-5. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997. Samgönguráðuneytið hefur enn fremur ákveðið að fresta gildistöku 6. og 7. gr. reglna nr. 337 frá 2. maí 1997 um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestanir þessar gilda til 1. janúar 2000.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 30. apríl 1993, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 10. desember 1998.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.*